

Sp.

846. Svar

[396. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um skattgreiðslur Ísals.

1. Hverjar voru skattgreiðslur Ísals vegna álbræðslunnar í Straumsvík á árunum 1985–1987 og hverjar hefðu þær orðið samkvæmt eldra skattkerfi?

Skattgreiðslur Ísals á árunum 1985–1987 voru sem hér segir (í bandaríkjadöllum):

1985	1 413 086
1986	1 552 998
1987	1 782 815

Skattgreiðslurnar hefðu orðið þær sömu samkvæmt eldra kerfi á þessum árum því með hliðsjón af afkomu Ísals umrædd ár var aðeins grunntaxti framleiðslugjaldsins greiddur, en grunntaxtinn, sem er 20 USD á hvert útskipað áltonn, er óbreyttur. Tekið skal fram að ársreikningar Ísals fyrir árið 1987 hafa ekki verið lagðir fram né endurskoðaðir af hálfu ríkisstjórnarinnar. Samkvæmt aðalsamningi ríkisstjórnarinnar og Alusuisse skal Ísal leggja ársreikninga ársins 1987 fram fyrir 1. júní 1988 og óháðri endurskoðun, sem ríkisstjórnin lætur framkvæma, skal lokið fyrir 1. október 1988.

2. Hvernig koma skattgreiðslurnar heim og saman við þær spár sem samninganefnd um stóriðju og iðnaðarráðherra lagði fyrir Alþingi við endurskoðun samninga í nóvember 1985?

Engar spár um skattgreiðslur voru lagðar fram af hálfu iðnaðarráðherra eða samninganefndar um stóriðju varðandi tiltekin tekjuár, svo sem spurningin gefur til kynna. Fyrir iðnaðarnefnd neðri deildar voru hins vegar lagðir útreikningar sem sýndu nokkur dæmi um afkomu og skattgreiðslur Ísals miðað við mismunandi álverð. Þá voru lagðar fyrir nefndina spár erlendra sérfræðinga um þróun álverðs.

Í bréfi til iðnaðarnefndar efri deildar var sett fram sú skoðun að reikna mætti með að álverð yrði á bilinu 65–90 US sent á pund og byggðist það á mati nokkurra helstu sérfræðifyrirtækja á þessu sviði í heiminum, þ.e. bandaríska sérfræðifyrirtækisins Chase Econometrics, breska ráðgjafafyrirtækisins CRU og breska ráðgjafans Anthony Bird. Þessi ráðgjafafyrirtæki spáðu því að álverð mundi hækka um mitt ár 1985 úr 50 US sentum á pund í allt að 90 US sent á pund. Raunin varð hins vegar önnur og verðhækkunar þær sem spáð hafði verið komu fyrst fram á árinu 1987. Álverð hefur á þessu ári hækkað verulega umfram það sem áður hafði verið gert ráð fyrir og hefur verðið t.d. farið yfir 130 US sent á pund síðustu vikurnar.

Nánar tiltekið var heimsmarkaðsverð á áli samkvæmt ákvæðum aðalsamningsins sem hér segir árin 1985, 1986 og 1987:

1985	1. ársfjórðungur	51.8 US sent á pund
	2. ársfjórðungur	53.3 US sent á pund
	3. ársfjórðungur	52.4 US sent á pund
	4. ársfjórðungur	52.0 US sent á pund
1986	1. ársfjórðungur	56.7 US sent á pund
	2. ársfjórðungur	58.9 US sent á pund
	3. ársfjórðungur	58.6 US sent á pund
	4. ársfjórðungur	57.4 US sent á pund
1987	1. ársfjórðungur	61.1 US sent á pund
	2. ársfjórðungur	66.9 US sent á pund
	3. ársfjórðungur	74.9 US sent á pund
	4. ársfjórðungur	81.0 US sent á pund

Dæmin, sem lögð voru fyrir iðnaðarnefnd neðri deildar í nóvember 1985, miðuðust við fast verðlag, óbreytt innbyrðis vægi bandaríkjadals og annarra gjaldmiðla, óbreytt verðlag á Íslandi mælt í bandaríkjadöllum og að ársframleiðslan yrði 85 000 tonn á ári. Skýrt var tekið fram að ekki væri um spár að ræða. Aðeins var um dæmi að ræða sem reiknuð voru til að varpa ljósi á samanburð við eldra skattkerfi. Dæmin sem gefin voru í nóvember 1985 gerðu ekki ráð fyrir tekjuskatti umfram lágmarksgjaldið fyrr en álverð næmi 60 US sentum á pund (á verðlagi 1985) miðað við 85 000 tonna ársframleiðslu. Árin 1985 og 1986 var álverð á bilinu 51,8–58,9 US sent á pund og vegna erfiðrar stöðu á álmörkuðum 1985 og 1986 nam sala Ísals þau ár aðeins rúmlega 70 000 tonnum á ári. Verulegt rekstrartap varð hjá Ísal bæði árin, svo sem gera mátti ráð fyrir.

Dæmin, sem lögð voru fyrir iðnaðarnefnd neðri deildar í nóvember 1985, sýndu að hagnaður Ísals mundi aukast eftir því sem álverð hækkaði umfram 65 US sent á pund miðað við óbreyttar forsendur að öðru leyti. Endanlegir ársreikningar Ísals fyrir árið 1987 liggja ekki fyrir, enda ber Ísal ekki að leggja fram ársreikninga fyrir árið 1987 fyrr en 1. júní 1988. Ljóst virðist þó að tiltölulega hátt verð á áli árið 1987 og um 84 000 tonna ársframleiðsla Ísals það ár mun ekki skila þeim hagnaði sem fyrrgreind dæmi gátu gefið tilefni til að ætla. Meginástæða þessa er sú að raungildi bandaríkjadals lækkaði mjög verulega, svo sem kemur fram í svari við fyrirspurn á þskj. 739.